

FUNDARGERÐ

Þann 9. febrúar 2024 var haldinn aukaaðalfundur í einkahlutafélaginu Leigufélagið Bríet ehf., kt. 611218-2060, til heimilis að Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi og hófst hann kl. 12.15. Fundurinn fór fram í húsnæði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar að Borgartúni 21 í Reykjavík.

Til fundarins var boðað með tölvupósti til allra hluthafa.

Til fundarins mæta eftirtaldir aðilar fyrir hluthafa:

Fyrir hönd Fjallabyggðar Sigríður Ingvarsdóttir, frá HMS Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, fyrir hönd Fjarðabyggðar Jóna Árný Þórðardóttir, fyrir hönd Reykhólahrepps Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og fyrir hönd Dalabyggðar Björn Bjarki Þorsteinsson. Einnig sátu fundinn stjórnarformaður félagsins Jón Björn Hákonarson, Helgi Haukur Hauksson framkvæmdastjóri Bríetar og Harpa Ingólfssdóttir Gígja, fjármálastjóri Bríetar.

Fundarmenn samþykkja að fundurinn verði einnig rafrænn og fari fram samhliða á Teams í hljóði og mynd.

Formaður stjórnar setti fund og gerði tillögu um að hann yrði sjálfur kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhliða. Fundarstjóri fól Hörpu Ingólfssdóttir Gígja að rita fundargerð.

Með því að mætt er hálfu allra hluthafa og þeir lýsa yfir að þeir geri ekki athugasemdir við boðun fundarins telst fundurinn lögmætur og ályktunarbær til að fjalla um það sem í fundarboði greinir.

Samkvæmt fundarboði er dagskrá fundarins eins og hér segir:

1. Hækkun hlutafjár.
2. Breytingar á samþykktum
3. Önnur mál.

Fyrir fundinum liggja eftirtalin gögn:

1. Fundarboð.
2. Ársreikningur félagsins fyrir reikningsárið 2022 ásamt endurskoðunarskýrslu.
3. Skýrsla stjórnar sbr. b-lið, 2. mgr. 23. gr., laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.
4. Yfirlýsing endurskoðanda sbr. c-lið, 2. mgr. 23. gr., laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.
5. Drög af breyttum samþykktum eftir að búið er að gera ráð fyrir hlutafjárukningu sem lagt er til að samþykkt verði á fundinum og hlutafjárukningu sem búið er að gera með heimild í samþykkt fyrri hluthafafundar.

Hækkun hlutafjár.

Fyrir fundinum liggur tillaga um hækkun hlutafjár um kr. 3.400.000.000 í samræmi við skýrslu stjórnar sem liggur frammi á fundinum. Lagt er til að hlutirnir verði almennir hlutir og njóti ekki sérstakra réttinda. Allir hluthafar eiga rétt á að skrá sig fyrir hlutafjárukningu í samræmi við hlutafjäreign sína. Frestur til þess eru tvær vikur. Frestur til að greiða inn hlutafé eru fjórar vikur. Nafnverð hluta er 1 króna og skal nýtt hlutafé greitt til félagsins á genginu 1. Áætlaður kostnaður félagsins af hækkun hlutafjár er kr. 500.000.

Fyrir liggur heimild í fjárukalögum sem veitir íslenska ríkinu heimild til að auka hlutafé um framangreinda aukningarfjárhæð.

Allir aðrir hluthafar falla frá áskriftarrétti vegna hlutafjárukningarinnar. Að auki gera hlutahafar ekki athugasemd við boðun eða kynningu í fundarboði.

Hlutafé félagsins er nú samkvæmt samþykktum kr. 3.945.236.863. Eftir hina fyrirhuguðu hlutafjárhækkun yrði hlutafé félagsins kr. 7.345.236.863.

Fyrir fundinum liggja drög af samþykktum félagsins eftir að hlutafé hefur verið hækkað í samræmi við þá hlutafjárhækkun sem lögð er til á fundinum.

Fundurinn samþykkir að hækka hlutafé eins og lagt er til. Þá eru drög af samþykktum eins og þau liggja fyrir samþykkt.

Lagt fyrir stjórn að tilkynna hlutafjárhækkun og nýjar samþykktir til Fyrirtækjaskrár.

Breytingar á samþykktum

Fundarstjóri lagði fram tillögu að samþykktarbreytingu svohljóðandi:

2. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur og útleiga á íbúðum til langs tíma, bygging, kaup og sala íbúðarhúsnæðis til að viðhalda og auka umsvif félagsins, auk umsýslu og endurbóta fasteigna ásamt lánastarfsemi og öðrum verkefnum er tengjast starfsemi félagsins. Félaginu er ætlað að stuðla að auknu húsnæðisöryggi á landsbyggðinni í samstarfi við sveitarfélög og aðra hagsmunaðila. **Þó er Leigufélaginu Bríeti heimilt að eiga og reka leiguíbúðir á virkari markaðssvæðum til að mæta tímabundnu ástandi vegna skorts á leiguíbúðum á viðkomandi svæðum, svo sem vegna náttúruhamfara.** Félagið skal rekið með almannaheill að leiðarljósi og í samræmi við eigendastefnu félagsins.

Tilgangur með eignasölu hjá félaginu skal vera til endurskipulagningar eða hagræðingar í eignasafni, fjármögnunar á öðrum fasteignum eða til að styrkja lausafjárstöðu.

Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, fulltrúi HMS lagði fram breytingartillögu svohljóðandi:

2. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur og útleiga á íbúðum til langs tíma, bygging, kaup og sala íbúðarhúsnæðis til að viðhalda og auka umsvif félagsins, auk umsýslu og endurbóta fasteigna ásamt lánastarfsemi og öðrum verkefnum er tengjast starfsemi félagsins. Félaginu er ætlað að stuðla að auknu húsnæðisöryggi á landsbyggðinni í samstarfi við sveitarfélög og aðra hagsmunaðila. **Félaginu er jafnframt ætlað að stuðla að auknu húsnæðisöryggi á virkari markaðssvæðum til þess að mæta tímabundinni aukinni húsnæðisþörf á viðkomandi svæði, m.a. vegna náttúruhamfara.** Félagið skal rekið með almannaheill að leiðarljósi og í samræmi við eigendastefnu félagsins.

Tilgangur með eignasölu hjá félaginu skal vera til endurskipulagningar eða hagræðingar í eignasafni, fjármögnunar á öðrum fasteignum eða til að styrkja lausafjárstöðu.

Breytingartillaga lögð fram af Önnu Guðmundu samþykkt samhljóða.

Önnur mál ekki rædd og fundi slitið kl. 12.33.

Þannig fram farið,
9. febrúar 2024,

Undirritunarsíða

Hermann Jónasson



Undirritað af:
Hermann Jónasson
3108694229
Dags: 09.02.2024
Tími: 16:43:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f9502028-d61a-4b7e-ad03-2c28662e64f1

Björn Bjarki Þorsteinsson



Undirritað af:
Björn Bjarki Þorsteinsson
0407685059
Dags: 09.02.2024
Tími: 14:59:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f9502028-d61a-4b7e-ad03-2c28662e64f1

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir



Undirritað af:
Ingibjörg B Erlingsdóttir
0512704019
Dags: 09.02.2024
Tími: 14:56:56
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f9502028-d61a-4b7e-ad03-2c28662e64f1

Sigríður Ingvarsdóttir



Undirritað af:
Sigríður Ingvarsdóttir
1505655299
Dags: 09.02.2024
Tími: 14:55:59
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f9502028-d61a-4b7e-ad03-2c28662e64f1

Jóna Árný Þórðardóttir



Undirritað af:
Jóna Árný Þórðardóttir
2705775209
Dags: 09.02.2024
Tími: 15:27:52
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f9502028-d61a-4b7e-ad03-2c28662e64f1